

Fundargerð

Fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 11:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

Gerður Guðjónsdóttir boðaði forföll

1. Staðan hjá Vopnafjarðarhreppi

Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Vopnafjarðarhreppi; Sara Elísabet Svansdóttir sveitarstjóri, Sigríður Bragadóttir oddviti og Baldur Kjartansson fjármálastjóri. Tilefni fundarinnar var að fara yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 hjá Vopnafjarðarhreppi og almennt um fjárhagsstöðuna hjá sveitarfélaginu.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir neikvæðri afkomu allt tímabilið en fram kom í máli fulltrúa Vopnafjarðarhrepps að fjárhagsáætlun 2021 væri frekar varfærin og á að gefa raunsæja mynd af stöðunni. Þriggja ára áætlun endurspeglar síðan árið 2021. Ákveðið var að draga ekki úr fjárfestingum enda hafa sveitarfélögin verið hvött til þess að auka í fjárfestingar. Mikill taprekstur hefur verið á hjúkrunarheimilinu Sundabúð undanfarin ár og var uppsafnaður halli bókfærður í ársreikning 2020. Jafnframt kom fram að launakostnaður hefur hækkað milli ára og svo mun koma aukin kostnaður vegna styttingu vinnuvikunnar.

Ákveðið var að senda Vopnafjarðarhreppi bréf þar sem nefndin hefur áhyggjur af rekstrarhæfi sveitarfélagsins og lítið svigrúm er til að hagræða rekstri eða auka tekjur. Mælt verður með því að sveitarfélagið fái sér utanaðkomandi ráðgjöf til að meta stöðuna betur og tillögur um úrbætur og tækifæri í rekstri.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 12:00